


8 7 6 5 4 3 2 1

RAFTAKN h.f. GLERARGÖTU 34
800 AKUREYRI
S 90/24766

RAFLAGNATEIKNINGAR



FJARÐARARHÚS FRÁ
HÚSEININGUM HF.
SIGLUFIRÐI

Húsveita nr. 2971 Teikning nr. 2242
Samþykkt þ. 23 - 3 1984
f.h. RAFVEITU HANARFJARÐAR
Jóns Guðfrón
Eftirlitsmaður raflagna

SKÝRINGAR VIÐ RAFLAGNIR.

23 3 84

Höndur Höllbryggja

1. Raflögn í innveggjaeiningum:

Innveggir eru byggðir upp af 60 sm. breiðum einingum. Auðvelt er að koma fyrir raflögn hvar sem er í einingunni. Best er að rör og dósir séu sem næst jaðri einingar og skal þá miða við það þegar rör eru lögð frá loftdósum að rofa og tengladósum. Dósum skal komið fyrir á eftirfarandi hátt: Gat er gert fyrir dós. Brotið skal úr milliþlötu einingar nægjanlega mikið til þess að hægt sé að koma dósinni inn í eininguna á sinn stað. Festiplötu hæfilega þykkri skal rennt bakvið dós og hún lúmd tryggilega föst við eining. Dós skal fest með skrúfu gegnum botn hennar við festiplötu. Rör er síðan tengt dósarstút og lagt í jaðri einingar og hólkað við rör í lofti.

2. Göt í gegnum límtrésbita:

Þar sem bil milli súlna er 480 sm. má bora 16 mm. göt allt að 137 sm. frá súlu en 20 mm. gat 126 sm. frá súlu. Þar sem bil er 360 sm. eða minna má bora hvar sem er. Göt skulu þó vera sem næst miðlínu bitans og aldrei tvö eða fleiri samsíða þvert á stefnu bitans. Bora má göt með stuttu eða engu milli-bili í miðlínu bitans innan áðurgreindra takmarka.

3. Töfluveggur:

Töfluveggur er smíðaður úr trégrind og klæddur á hefðbundinn hátt.

4. Loftnet:

Lagnir að loftneti skulu enda í tengidós við neðri enda loftnetsstangar. Stöng skal fest beint á útvegg og ganga uppúr þaki yfir svölum. Þetta skal gat á þaki með þar til gerðri hosu.

5. Innfelldir lampar:

Í milliloft er hægt að koma fyrir innfelldum lömpum sem þarfnast mest 16 sm. rýmis á hæðina. Í efra lofti þarf að gæta þess að einangra vel fyrir ofan lamparými. Göt í loftklæðningu fyrir lampa eru misstór eftir tegund þeirra þannig að best er að ákveða áður en gengið er frá loftum hvernig lampar skuli notaðir.